



Niðurstaða umræðuhópa á fjórum borðum

Október 2017

Formáli

Samstarfshópur höfundaréttarsamtaka og Bandalags íslenskra listamanna gekkst fyrir málþingi um höfundaréttarstefnu í Norræna húsinu 22. september 2017. Yfirskrift málþingsins var sú sama og á málþingi sömu aðila í Iðnó 18. mars 2016 og á fundi fólksins í Norræna húsinu í september 2016.

Kveikjuna að málþinginu má rekja til útgáfu opinberrar hugverkasefðu í júní 2016 sem fjallar um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar.

Haustið 2014 skipaði ráðherra iðnaðar- og viðskiptamála starfshóp sem fékk það verkefni að móta framtíðarsýn um hugverkaréttindi á Íslandi. Hópurinn skilaði tillögu að fullbúinni stefnu um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, sem gefin var út undir heitinu „Hugverkaréttindi sem verðmæti og viðskiptatæki - Hugverkastefna 2016 – 2022“ og er aðgengileg á vef ráðuneytisins:

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/hugverkarettindi-a-svidi-idnadar/>

Það er sameiginlegt mat Höfundaréttarnefndar og samstarfshóps höfundaréttarsamtaka að nauðsynlegt sé að halda áfram á þessari braut og hefja vinnu við að móta framtíðarsýn um höfundarétt. Af því tilefni var efnt til þessa málþings „Höfundaréttarstefna – Til hvers...?“

Fyrirkomulag málþingsins var með þeim hætti að flutt voru erindi um stöðu höfundaréttarmála í dag og velt upp hugmyndum um mögulegt innihald stefnu um höfundarétt. Síðan var unnið á borðum með það að markmiði að útbúa efnivið sem orðið gæti grunnur að formlegri vinnu við Höfundaréttarstefnu 2018 – 2024. Fundarstjóri og stjórnandi vinnunnar á borðunum var Rán Tryggvadóttir formaður Höfundaréttarnefndar.

Dagskrá málþingsins var sem hér segir:

Kl. 13:00	Setning og inngangserindi Rán Tryggvadóttir formaður höfundaréttarnefndar
Kl. 13:20	Hugverkastefna á sviði iðnaðar 2016 Brynhildur Pálmarsdóttir lögfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Kl. 13.40	Höfundaréttarstefna – Markmið og leiðir Kolbrún Halldórsdóttir forseti Bandalags íslenskra listamanna
Kl. 13.50	Kaffihlé
Kl. 14:10	Vinnuhópar; unnið verður á borðum og skiptast þátttakendur í grófum dráttum eftir listgreinum
Kl. 14.50	Niðurstaða vinnuhópa kynnt
Kl. 15:15	Hringborðsumræður; viðbrögð við niðurstöðum hópanna Þátttakendur: Jón Vilberg Guðjónsson skrifstofustjóri í mennta- og menningarmálaráðuneyti, Guðrún Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri STEFs og Brynhildur Pálmarsdóttir ásamt Vilhjálmi Árnasyni og Andrésí Inga Jónssyni þingmönnum frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis.
Kl. 16:00	Þingslit

VEGVÍSIR VINNUNNAR Á BORDUNUM :

01

Hver á forgangsröð og áhersluatriði að vera í höfundaréttarmálefnum næstu 5 árin?

02

Hættur sem steðja að sem varða höfundarétt

03

Tækifæri sem búa í höfundarétti

BORÐ I - SJÓNLISTIR

1. Forgangsatriði

a. Fræðsla, menntun og kennsla, sem er þá aðallega í fimm þrepum:

- mikilvægi þess að skilja hvað sköpun er, alveg niður í barnaskóla.
- mikilvægi að kenna listasöguna og íslenskan menningararf, niður í grunnskóla.
- mikilvægi þess að kenna á síðari stigum náms hvaða leiðir eru færar og undir hvaða formerkjum sé hægt að birta og nota verk, og hvað skuli gera til að afla leyfa (creative commons, samtök, milliliðir osfrv).
- mikilvægi þess að skilja og fræða um leiðir höfunda og rétthafa til að afla verkum sínum ávinnings og tekna á grundvelli réttarins.
- mikilvægi þess að fræða almenning á jákvæðan hátt um réttinn.

b. sarpur og söfnin

- veitur sem veita aðgang að menningararfi, td söfn, hvernig eiga þau að fjármagna og greiða fyrir aðgang að slíkum veitum. Ef slíkt verður ekki fjármagnað og aðgangur því veittur týnist sjónlistin. Það er mikilvægt að þessum málum verði komið á hreint og að ráðuneytið stígi hér inn í og taki upp þráðinn á um 5 ára samningsumleitunum sem hafa farið fram á milli safna og rétthafa um þessi mál, og í raun "læst" alla listasöguna inn í gagnagrunnum sem hafa ekki getað verið opnaðir vegna fjárskorts og skorts á pólitískum vilja.

c. Að ráðuneytið endurskoði öll höfundalögin, þar sem lögin núna endurspeglu ekki veruleikann.

d. Að aðgengi sé auðveldað, þannig að efni sé aðgengilegt og það sé auðvelt að greiða fyrir notin. Hafa þarf leyfisöflun auðveldari og skýrari. Það er margt til núna sem auðveldar lögleg not á annars konar menningu, t.d. Spotify og Netflix en það er ekkert slíkt til með sjónlist. Einnig þarf að skoða í því samhengi verðmiðann á vörunni og að hann sé sanngjarn.

e. Að aukið sé við fjármagn í þennan málaflokk, auðvitað í höfundarétt og menningu almennt, en einnig sérstaklega í sjónlistir. Sjónlistir virðast hafa orðið e-ð eftir öðrum listgreinum í úrræðum og leiðum í þessum efnum, og er málaflokkurinn staddur á svipuðum stað og tónlist og kvikmyndir voru fyrir um áratug síðan. Það þarf að auka fjármagn í þennan málaflokk svo sjónlistir týnist ekki "læstar" inn á lokuðum gagnagrunnum safnanna, það þarf að leita lausna og finna meðalveginn milli notenda og rétthafa og auðvelda aðgang. Til þess þarf aukið fjármagn og pólitískan vilja.

2. Hvaða hættur steðja helst að sjónlist?

Fólk upplifir síður sjónlist sem seljanlega vöru.

3. Hvar felast tækifærin í sjónlist?

Í tækniþróun og auknu fjármagni í málaflokkinn.

Samantekt Aðalheiður

BORÐ II - RITLIST

Þegar vegvísirinn er skoðaður með gleraugum ritlistarinnar virðist að undir öll atriðin þrjú: forgang, hættur og tækifæri, falli hugtakið tækni. Ritlistin býr enn sem komið er að því að streymi, rafbóka eða hljóðbóka, hefur ekki náð fótfestu umfram pappírskrána, e.t.v. ólíkt mörgum öðrum listgreinum. En þó að rafbók eða hljóðbók, einkum á grundvelli streymis, hafi ekki náð festu eða útbreiðslu þarf samt að huga að þessum miðlum og tækninni sem þeir grundvallast á. Á þetta bæði við um hættur sem af þessum miðlum kunna að stafa en einnig hvað tækifærin sem í þeim felast.

Lykilatriðið hvað ritlistina varðar er að huga að tekjumódeli höfunda en það er fyrst og fremst byggt upp af sölu eintaka, hvort heldur er pappírseintök, rafbókareintök eða hljóðbókaeintök. Streymisveitur ganga þvert á skjön við tekjumódel sem byggir á eintakasölu því við streymi er ekki um eiginlega eintakasölu að ræða í sama skilningi heldur byggist streymistekjumódelið oftast upp á áskriftarsölu þar sem notandinn kaupir s' er áskrift á föstu áskriftargjaldi en hefur síðan ótakmarkaðan aðgang að titlum. Augljóslega skiptist þannig áskriftargjaldið upp eftir því hversu marga titla notandinn ákveður að streyma á hverju áskriftartímabili. Ef ekki er hugað að þessu atriði með komandi tækni og auknu streymi gætu streymisveitur hoggjó í tekjumódel rithöfunda sem enn sem komið er byggjast fyrst og fremst af eintakasölu umfram streymi í gegnum streymisveitur. Hættan er því sú að að streymi komi í staðinn fyrir eintakasölu ef tekjumódelið helst óbreytt. Ef streymi kemur í staðinn fyrir keypt eintök þá þarf slíkt að endurspeglast í tekjumódeli höfunda.

Það er fyrst og fremst notandinn sem leiðir það hvaða miðlar færa honum listina sem hann kys að njóta. Reynslan og rannsóknir sýna raunar að notandinn vill fyrst og fremst eins auðvelt aðgengi að verkunum og unnt er. Virðist þannig engu skipta þó að notandinn þurfi að greiða fyrir notin, bara að aðgengið sé auðvelt. Með því að gera sér grein fyrir þessu er fólgið tækifæri í tækninni því augljóslega hlýtur þannig markmiðið að eiga að vera það að auðvelda aðgengi að listinni til lögmætrar dreifingar en ekki þannig að tæknin sé að gagnast þeim sem kjósi ólögmæta dreifingu.

Tækifærin: Við viljum nýta tæknina til að efla ritlistina. Tækifærin eru ekki hvað síst þau að gera sér grein fyrir því að veitur og notkun á efni í gegnum streymi getur td haft áhrif á efnistöð. Þær geta haft áhrif á hvaða efni og hvaða tegund af efni er auðveldast að nýta sér, hvaða eftirspurn er eftir tilteknum tegundum efnis og jafnvel hvað verður þá skrifað í framtíðinni.

Í tilviki ritlistarinnar er ekkert sem bendir til þess enn sem komið er að pappírskráin sé að hverfa en að sama skapi geta verið hér um að ræða áhrif á efnistöð. T.d. að vandað sé enn meira til þeirra verka sem koma þá út á pappír eða að á streymisveitur fari bara tiltekin tegund af efni. Þetta á væntanlega allt eftir að koma í ljós á næstunni.

Þá er einnig nauðsynlegt að hafa í huga að það er æskilegt og í raun nauðsynlegt að laga orðræðuna um dreifingu efnis á netinu. Það er búið að normalisera ólögmæta dreifingu í gegnum tækni. Að líta slíka háttsemi ekki alvarlegum augum getur haft alvarlegar afleiðingar. Ef höfundar hætta að fá eðlilegt endurgjald fyrir verkin sín þá nefnilega hætta þeir að skapa og í því felst mesta hættan.

Samantekt Sigríður Rut Júlíusdóttir

BORÐ III – SVIÐSLISTIR

Sviðslistir eru mögulega flóknasta listgreinin þegar kemur að útteilingu tekna sem fengnar eru gegnum höfundagreiðslur. Bæði eru réttindi þeirra sem eiga **höfundarétt** önnur en þeirra sem **flytjendarétt**, og svo skapa sviðslistamenn verk sín oft í svo náinni samvinnu að erfitt er að greina hver á hið eiginlega höfundaverk. Leikskáldið við borðið nefndi til dæmis að þrátt fyrir að hún hefði skrifað handrit að sviðsverki, upphugsað söguþráðinn (framvinduna) sem rammaði inn sönglög verksins þá eigi hún ekki tilkall til þeirra höfundaréttargreiðslna sem STEF innheimtir heldur tónskáldið sem vann með leikhópnum og skrifaði út nótur sönglaganna. Þetta einskorðast þó ekki við leikskáldin, það er einfaldlega flókið mál að rukka sanngjarnt endurgjald fyrir notkun á hugverkum allra í sviðslistageiranum, hvort sem það er leikstjóri, dramatúrg, sviðsmyndahönnuður eða búningahönnuður. Eins og málum er háttað í dag þarf að skoða betur hvernig höfundagreiðslur fyrir sviðslistaverk eru innheimtar, hvaða höfundaréttarsamtök annast þá innheimtu og hvernig samstöðu í geiranum er háttað um fyrirkomulagið. Upphæðirnar sem hafa skilað sér gegnum IHM hafa í tilfelli sviðsleikstjóra (FLÍ) verið það lágar að þær hafa að stórum hluta verið nýttar til að kosta rekstur félagsins. Í kynningu á vinnu hópsins var þetta orðað sem svo að þörf væri á handrukkara sem góður væri í prósentureikningi..... !

Eins og að framan greinir þá verður það æ algengara að sviðslistahópar vinni verk í sameiningu þannig að ógreinilegt er hver upprunalegur höfundur hugmyndar er, ef nokkur. Þetta á ekki síst við í dansheiminum þar sem heildarvinna hóps er oft skrifuð á danshöfund sýningar, sem hefur það hlutverk að velja og hafna tillögum úr spunavinnu dansaranna. Slíkt fyrirkomulag getur verið réttlátt þegar dansarar á einhvers konar ráðningasamningum þiggja sýningarkaup og ferðast um með sýninguna. Þannig fá þeir tekjur sem jafnast á við höfundagreiðslur danshöfundar. En hins vegar þarf að hafa opin augu fyrir því að það er ekki óalgengt að dansarar verði fyrir meiðslum við vinnu sína og í fæstum tilfellum eru þeir tryggðir fyrir slíku. Þá verða þeir af tekjum fyrir verk sem þeir hafa komið að því að skapa og ættu mögulega rétt á höfundagreiðslum sem þátttakendur í sköpunarferlinu. Segja má að hér sé á ferðinni klassískt verkalyðsbaráttumál sem snýst um að tryggja verkafólki sanngjarna hlutdeild í þeim arði sem það hefur átt þátt í að skapa.

Í tilfelli sviðslistanna þarf að huga vel að lagarammanum svo tryggja megi að sviðslistafólk njóti réttinda sem höfundar og þurfi ekki að hafa áhyggjur af því að missa verkin alfarið úr sínum höndum jafnvel þó þau séu ekki lengur þátttakendur í sýningunum sjálfum.

Samantekt Snæbjörn Brynjarsson

BORÐ IV – TÓNLIST

Helstu lagabreytingar sem er þörf á á næstu fimm árum

Skattlagning

Í umræðum á borði 4 komu fram sjónarmið um að tónlistarmenn sem hefðu tekjur af útgefnum verkum sínum ættu að hafa sambærilega skattalega stöðu og þeir sem hafa rentu af öðrum áþreifanlegum og óáþreifanlegum eignum. Af þessum sökum væri sanngjarnt að tekjur af hugverkæignum fengju sömu skattalegu meðferð og aðrar fjármagnstekjur.

Þykir þetta mikilvægasta baráttumálið. Fyrir utan þá augljósu staðreynd, að í raun er um leigutekjur af eign að ræða þegar greitt er fyrir afnot af hugverki, þá mætti einnig líta svo á, að slík skattabreyting myndi veða upp á móti því gríðarlega tekjutapi sem orðið hefur vegna tæknibreytinga, líkt og um er getið síðar í þessari skýrslu.

Aðgerðir gegn ólöglegri dreifingu efnis

Nokkrar umræður urðu við borðið um hvort dregið hefði úr ólögumætri dreifingu tónlistar á netinu með tilkomu löglegra kosta fyrir íslenska notendur eins og Spotify, Deezer og Tidal. Bent var á að nú væri orðið einfaldara að sækja efni löglega en ólöglega, auk þess sem tenging við aðra notendur í gegnum samfélagsmiðla væri mikilvægur hvati til að nota hinar löglegu þjónustur. Fram kom sjónarmið um að því leyti sem ólögleg dreifing sjónvarps- og kvikmyndafnis á netinu væri enn vandamál, þá ættu rétthafar tónlistar þar mikilvægra hagsmuna að gæta vegna tónlistar í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Rifjað var upp að nefnd innanríkisráðherra sem Brynjar Níelsson alþm. stýrði hefði lagt til að farin yrði sk. norsk leið til að sporna við ólögumætri dreifingu verndaðs efnis á netinu. Hin norska leið sem upphaflega átti að felast í því að Mediatilsynet hefði vald til að loka aðgangi að tilteknum vefsíðum sem væru uppspretta ólöglegrar dreifingar efnis endaði í Noregi með því að dómstólum var falið að taka ákvarðanir um lokun aðgangs. Norska leiðin felur í sér að rétthafar geta leitað beint til dómstóla um að fá lagt bann við aðgangi að tilteknum vefsíðum. Til samanburðar felur íslenska lögbannleiðin í sér að beiðni um lögbann er lögð fram hjá sýslumanni. Fáist lögbann lagt á þarf að höfða mál fyrir héraðsdómi um staðfestingu þess. Fulltrúar rétthafa við borðið kvörtuðu sáran yfir því að finna þyrfti skilvirkari leið til að sporna við ólöglegri dreifingu efnis en núverandi lögbannleið. Dæmi væru um að það hefði kostað rétthafa um 5 millj. kr. að fá lagt lögbann á Deildu.net. Þá var einnig kvartað yfir getuleysi lögreglu í þessum málum og vísað til þess að lögregluþyriföld í nágrennalöndunum hefðu skilvirk úrræði til að bregðast við brotum gegn hugverkaréttindum. Meta þarf með hliðsjón af reynslu Norðmanna hvort ástæða er til að taka upp hina norsku lokunarleið hér á landi. Meta þarf kosti og galla hinnar norsku leiðar fyrir rétthafa og stjórnvöld. Þá kom fram að leitað hefði verið samstarfs við netfyrirtækin um heiðursmannasamkomulag um mjúka leið í lokun aðgangs en vegna samkeppni á netmarkaði hefði sá kostur ekki reynst vænlegur. Loks var bent á að Alþingi hefði hafnað lagabreytingu á 1. mgr. 11. gr. höfundalaga þar sem setja hafi átt inn skilyrði um að afritun til einkanota væri aðeins lögleg á grundvelli löglegs upprunaeintaks. Reyna mætti að nýju að fá Alþingi til að setja inn þetta skilyrði.

Aðgerðir sem grípa þarf til

Vitundarvakning og fræðsla

Bent var á að gera þyrfti átak í að fræða kennara um höfundarétt og kynna höfundarétt fyrir nemendum.

Rannsóknir og söfnun upplýsinga um hagræn áhrif tónlistar

Bent var á að fylgja þyrfti fordæmi Finna og safna reglulega og birta upplýsingar um hagræn áhrif tónlistar.

Tungumálið íslenska

Áhyggjum var lýst yfir því hversu íslenskan ætti erfitt uppdráttar í alþjóðlegri samkeppni. Algengt væri að nýliðar í tónlistargeiranum veldu að kasta íslenskunni fyrir róða til að gera tónlist sína seljanlegri.

Það er einsýnt að í hinum stafræna heimi nútímans muni móðurmálið eiga mjög undir högg að sækja til framtíðar litið. Verð á tónlist hefur farið snarlækkandi á undanförunum árum, sem reyndar hefur leitt til þess að dregið hefur úr ólöglegri notkun. Hins vegar er endurgjaldið það lágt, t.d. frá Spotify, sem er óumdeilanlega markaðsráðandi, að það er borin von að höfundar og flytjendur, sem kjósa að flytja sönglög á íslensku, fái byggt á þeim tekjum.

Tungumálið og tekjumódelið

Rætt var um hvort tekjumódel tónlistarmanna væru úrelt. Almennt voru menn sammála um að tekjur af magnspilun í dreifiveitum muni aldrei koma í stað þeirra tekna sem tónlistarmenn höfðu áður af plötusölu, himinn og haf er þar á milli. Rætt var um hvort leiða ætti saman á vettvangi háskólanna þá sem sérhæfa sig í viðskipum annars vegar og listum hins vegar til að ræða ný tekjumódel fyrir listamenn.

Tekjumódel Spotify og annarra tónlistarveitna byggir á magnspilun, í milljónum talið. Það segir sig sjálft að jafnvel þótt hvert íslenskt mannsbarn hlýði á tiltekið lag, þá hrökkva tekjurnar sem af því hljótast afar skammt, enda mun andvirði hversrar spilunar jafngilda að meðaltali tæplega einni íslenskri krónu þegar þetta er ritað (sept. 2017). Sú upphæð skiptist síðan í milli flytjenda, höfunda og eftir atvikum útgefanda og forleggjara (e: publishers), að frádregnum tilheyrandi umsýslu-, innheimtu- og markaðskostnaði. Bjargræði höfunda og flytjenda felst af þessum sökum í því að varpa móðurmálinu fyrir róða og halla sér að enskunni. Sú þróun er þegar mjög greinileg.

Ef stjórnvöldum er annt um tunguna þarf því að koma til skilningur á þessu vandamáli og einhvers konar stuðningur við útgáfu á íslensku efni, hvort sem er með beinum eða óbeinum hætti. Það er umræða út af fyrir sig.

Bent var á að reikniritar í Spotify gerðu það að verkum að íslensk tónlist kæmi ekki upp sem næsta val þegar íslensk tónlist væri spiluð. Þessu er á annan veg farið með sænska tónlist. Rætt var um hvort leita ætti til Spotify til að knýja fram breytingar á reikniritum.

Í umræðunni komu reyndar fram sjónarmið þess efnis að aðrir markaðir eins og Þýskaland, Kanada og Norðurlöndin hefðu sýnt nokkurn áhuga á íslenskri tónlist sunginni á móðurmálinu. Það má þó fullyrða að slíkur áhugi er og verður aldrei almennur.

Aðrir punktar

Bent var á mikilvægi stuðnings stjórnámálanna við höfundaréttarstefnu. Til þess að stjórnámálamaður geti tekið þátt í umræðu um höfundarétt þarf að auka skilning þeirra. Í því sambandi var bent á að höfundaréttur væri „eignarréttur“ og að auðveldara væri að ræða við stjórnámálamaður um verndun eignarréttarins en verndun höfundaréttar.

Bent á að standa þurfi vörð um réttindi listamanna við framsal höfundaréttar. Er það æskileg þróun að listamönnum er í auknum mæli gert að framselja öll réttindi sín (total buyout).

Samantekt Jón Vilberg Guðjónsson